

Sp.

694. Tillaga til þingsályktunar

[247. mál]

um jarðhitaleit.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma á móts við þá, sem óska eftir leit að jarðhita víða um land, með því:

1. Að láta sem fyrst fara fram nauðsynlega frumathugun á staðháttum og m. a. gera tilraunboranir að tillögum sérfræðinga jarðhitadeildar til að finna hitastuðul, þar sem það er nauðsynlegt.
2. Síðan verði framkvæmdar tilraunaboranir, þar sem helzt má vænta árangurs og bezt aðstaða er til að nýta orkuna.

Greinargerð.

Fyrir nefndinni lágu tillögur um jarðhitaleit á allmörgum stöðum á landinu, og var nefndin sammála um að sameina þær í þessa tillögu.